

Stykkishólmsbær, bt. Kristínar Þorleifsdóttur
Hafnargötu
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 4. janúar 2024
UST202311-208/A.B.
10.04.02

Efni: Umsögn - Byggingarleyfi - Lyngholt og Helgafell - Sveitarfélagið Stykkishólmur

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólmur er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vegna tveggja frístundahúsa sem þegar hafa verið byggð í landi Lyngholts (tilheyrði áður upprunajörðinni Helgafelli) og þriggja fyrirhugaðra frístundahúsa í landi Helgafells. Auk þess kemur fram í erindinu að þar sem byggingarfulltrúi hefur nú þegar veitt byggingarleyfi fyrir húsin tvö í landi Lyngholts, þá snýst málið fyrst og fremst um fyrirhuguð þrjú frístundahús í landi Helgafells.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að fellið Helgafell og nánasta umhverfi þess er á náttúruminjaskrá og er númer 229 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „*Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við alla uppbyggingu mannvirkja við fellið og nánasta umhverfi þess að sé hugað að verndargildi þess en við hönnun mannvirkja skal þess gætt að það falli sem best við svipmót landsins, sbr. 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Mikilvægt er að setja skilmála um að frístundahúsin séu lágreista á einni hæð, að þau falli vel að landi og sett séu skilyrði um liti og klæðningu sem falla vel að landi.

Í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur